

Átjándi fundur nefndar. Haldinn í Austurstræti 8 (nefndarsviði Alþingis), dags. 24.09.2019.
Fundur hófst kl. 11:35.

Fundinn sátu: Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Dagbjört Jónsdóttir, Bergþór Ólason, Steinar Kaldal.

Gestir: Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Land Lögmönnum.

Forföll: Óli Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Hanna Katrín Friðriksson, Guðmundur Andri Thorsson, Halldóra Mogensen, Inga Sæland.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Dagsetning og tímasetning næsta fundar

Í upphafi fundar var ákveðið að festa næsta fund nefndar. Ákveðið var að næsti fundur yrði 8. október 2019 á sama stað og sama tíma.

2. Fjármögnun

Verkefnisstjóri sagði frá því að verið væri að setja upp Excel skjal til að velta upp mögulegum kostnaði við ýmsa þætt tengda stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Skjalið væri hugsað þannig að þar væru settar inn fyrirbyggjandi tölur varðandi þegar friðlýst svæði á miðhálandinu auk gróft áætlaðra upplýsinga um stofnkostnaðarforsendur út frá fermetraverði nýbygginga. Nefndin gæti þá nýtt sér þessar tölur til margföldunar, með þeim fyrirvörum sem því fylgja, í skjalinu m.v. til dæmis aukinn fjöldi landvarða, fleiri þjónustumiðstöðvar o.fl. Stefnt væri að því að vinna inn í skjalið upplýsingar fyrir næsta fund.

3. Drög að frumvarpi

Ingibjörg Halldórsdóttir fór yfir kafla frumvarpsdraga að lögum um miðhálandisþjóðgarð.

Eftirfarandi atriði komu upp í umræðum nefndar eftir yfirferð Ingibjargar:

Samráð/samvinna/ráðgjöf –

Nefnt var að gott væri að fram kæmi í lögum/lögskýringum samráð við/ráðgjöf frá viðeigandi stofnunum ríkisins þegar til umfjöllunar væru mál sem snerti þeirra viðfangsefni. Fram kom hjá Ingibjörgu að í lögnum yrði fjallað um að hafa þyrfti samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og hagsmunaaðila um málefni svæða þjóðgarðsins.

Rekstrarsvæði –

Rætt um mikilvægi þess að skilgreina rekstrarsvæðin innan þjóðgarðsins. Fram kom að fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni munu vinna að útfærslu á rekstrarsvæðum og koma með tillögu að skiptingu þeirra á næsta fund nefndar.

Hlutverk umdæmisráða –

Frumvarpsdrög gera ráð fyrir aukinni aðkomu umdæmisráða að ýmsum málum þjóðgarðsins. Nefndin var sammála um að það væri í takt við áherslur hennar.

Orkumál –

Rætt var um að mikilvægi þess að skýra í lagatexta þær áherslur nefndar að hægt verði að viðhalda og þróa/bæta nýtingu núverandi orkumannvirkja á miðhálendinu þó umrædd mannvirki verði innan þjóðgarðs. Slíkt ákvæði verður sett inn í frumvarpsdrög fyrir næsta fund nefndar.

Þjónustumiðstöðvar –

Rætt var um að nauðsynlegt væri að skrifa inn í lögin texta um hlutverk miðstöðva í þjóðgarðinum. Nefndin telur að sá texti þurfi að vera nokkuð opinn svo miðstöðvarnar geti dafnað og að þar verði svigrúm til að eiga samstarf við hina ýmsu aðila, auk þess sem þær gætu tengt við séreinkenni á þeim rekstrarsvæðum þar sem þær væru staðsettar, en þó þannig að einhverjar forsendur liggi fyrir um hver eigi að vera grunnstarfsemi miðstöðvanna.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:50.